

Fundargerð skólaráðs Stapaskóla

Annar fundur skólaársins 2024-2025 í Stapaskóla, 10. mars, 2025 kl: 16:15.

Mættir:

Gróa Axelsdóttir, skólastjóri, Jón Haukur Hafsteinsson, aðstoðarskólastjóri, Lísa Mjöll Ægisdóttir, fulltrúi kennara, Dagný Sjöfn Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsfólks Hinrik Bjarki Hjaltason, fulltrúi nemenda, Ísey Rún Björnsdóttir, fulltrúi nemenda, skóla, Grétar Már Garðarsson, formaður foreldrafélagsins, Laufey Svala Hill, fulltrúi foreldra og Bryndís Guðmundsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags.

Forföll:

1.mál. Skóladagatal 2025-2026

2.mál. Skólaping Stapaskóli

3.mál. Önnur mál

1. Mál. Skóladagatal 2024-2025

Gróa leggur fram til kynningar skóladagatal næsta skólaárs. Starfsfólk skólans hefur samþykkt skóladagatalið. Engar athugasemdir voru gerðar í ráðinu og skóladagatalið samþykkt samhljóða.

2. Mál. Skólaping Stapaskóla

Skólaping Stapaskóla verður þriðjudaginn 11. mars. Yfirskrift skólapingisins er vellíðan nemenda og upphaf skóladagsins. Gróa kynnir skólapingið, umfjöllunarefni og þá vinnu sem áætlað er að fara í á þinginu.

Mikilvægt er að allir komi að málum er varðar vellíðan nemenda og þær leiðir sem hægt er að fara til að auka hana.

Ungmennaráð Reykjanesbæjar hefur vakið athygli á mikilvægi aukins svefns og seinkun á upphafi skóladags ungmenna. Stapaskóli hefur því áhuga á að skóladagurinn byrji kl.9.00 í haust en vill taka samtalið við foreldrasamfélagið og nemendur á þinginu.

3. Mál. Önnur mál

Gróa fer yfir þær auglýsingar sem eru komnar í birtingu fyrir kennararstöðum við skólann á næsta skólaári. Yfirleitt er verið að auglýsa stöður leiðbeinenda en fagmenntuðum kennurum fjölgar þó með hverju árinu.

Gróa segir frá heimsókn Mennta- og barnamálaráðherra í skólann þar sem stjórnendur ásamt fulltrúum úr nemendafélaginu sýndu og sögðu frá skólastarfinu.

Spurt er út í sundlaugina og hvenær hún verður tilbúin fyrir nemendur. Ekki er komin staðfest dagsetning á hvenær skólinn fær sundlaugina til afnota en líkur eru að það verði um eða eftir nk. páska.

Gróa segir frá því að félagsmiðstöðin Fjörheimar verður með starf í skólanum nk. skólavetur. Starfsmaður frá félagsmiðstöðinni verður í starfi með nemendum á skólatíma og eftir skólatíma.

Formaður foreldrafélagsins segir frá hvernig hefur gengið að setja foreldrafélagið á fótinn en ýmis skrifinska hefur reynst flóknari en ætla mátti.

Fundi slitið kl. 16:46

Fundargerð ritaði:
Jón Haukur Hafsteinsson,
aðstoðarskólastjóri